

# Skólanámskrá Krílabæjar -Píngeyjarskóli-



Efni unnið af starfsfólki Krílabæjar  
Ábyrgðarmaður: Birna Óskarsdóttir

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur.....	4
Stutt söguágríp.....	5
Leikskólinn Krílabær.....	6
Yfirstjórn skólans.....	6
Sérfræðipjónusta.....	7
Skólanámskrá.....	7
Lög um leikskóla.....	8
Aðalmarkmið og stefna Krílabæjar.....	9
Daglegt líf í leikskólanum.....	10
Dagskipulag.....	10
Hugmyndafræði leikskólans.....	11
Howard Gardner.....	11
John Dewey.....	12
Lev Vygotsky.....	13
Jákvæður agi.....	14
Proskabættirnir.....	15
Líkams- og hreyfiproski.....	15
Félagsvitund, félags- og tilfinningaproski.....	15
Vitsmunaproski.....	15
Málproski.....	16
Fagurproski og sköpunarhæfni.....	16
Siðgæðiproski og siðgæðisvitund.....	16
Leikurinn.....	17
Hópastarf.....	17
Grunnbættir menntunar.....	18
Læsi.....	18
Lýðræði og jafnrétti.....	20
Heilbrigði og velferð.....	21
Sjálfbærni og vísindi.....	22
Sköpun og menning.....	23
Tónlist.....	24
Aðlögunartími.....	25
Þátttökuáðlögun.....	25
Móttaka og brottför.....	25
Fataherbergi.....	26
Matartímar.....	26
Hvöld.....	28
Hreinlæti.....	28
Samverustundir.....	29

Útiveran .....	30
Sérþarfir barna.....	31
Nýbúar.....	31
Mat á leikskólastarfinu.....	32
Tölvur.....	32
Samskipti skólastiga.....	33
Yngstu barna starf .....	33
Foreldrasamstarf.....	34
Sérstök tilefni/hátíðir og hefðir .....	35
Jólafondurdagur.....	35
Jólahlaðborð/litlu jól .....	35
Öskudagur.....	35
Bolludagur/sprengidagur .....	35
Hesthúsferð .....	36
Vorferð.....	36
Heimboð.....	36
Sparifatadagur .....	37
Vorgleði .....	37
Öryggismál.....	38
Neyðaráætlun Krílabæjar .....	38
Stjórnun og stjórnunarhættir .....	39
Fundir-starfsdagur-námskeiðsdagur .....	39
Heimildaskrá .....	40

## Inngangur

Námskrá leikskóla er lifandi plagg sem endurskoða og endurbæta þarf reglulega eftir því sem leikskólastarfið þróast. Við endurskoðun námskrár Krílabæjar er stuðst við eldri námsskrá og hún endurbætt þar sem við á í apríl 2020.

Afar mikilvægt er að hún sé í daglegri notkun og að starfsfólk geti nýtt sér hana í sínu daglega starfi og undirbúningi. Námskráin er skýr og markmið og leiðir eru hafðar opnar og síðan er það í höndum starfsmanna að útfæra þær með tilliti til barnahópsins á hverjum tíma.

Námskráin er aðgengileg foreldrum og öðrum áhugasömum á heimasíðu leikskólans. Námskráin verður endurskoðuð á hverju ári og uppfærð ef þurfa þykir. Námskráin tekur mið af skólastefnu Þingeyjarsveitar.

Með reglulegri uppfærslu á námskrá Krílabæjar er markmiðið að setja fram skýra stefnu í uppeldi, umönnun og menntun barna, jafnt fyrir foreldra og starfsfólk. Reglubundin uppfærsla skólanámskrár, þar sem allt starfsfólk kemur að vangaveltum og umræðum um leikskólastarf, er uppspretta að uppbyggilegu leikskólastarfi.

Virðingarfyllst

Birna Óskarsdóttir

Deildarstjóri Krílabæjar

Dagsetning 24. apríl 2020

## Stutt söguágrip

Leikskólinn Krílabær hóf starfsemi sína haustið 1988 og var þá staðsettur í litlu sumarhúsi á Einarstöðum. Þann vetur voru 13-16 börn í leikskólanum og 2 starfsmenn.

Opið var frá 13:00-17:00 og var skólinn rekinn af foreldrafélagi skólans.

Haustið eftir flutti leikskólinn starfsemi sína í húsnæði fyrrum

Húsmæðraskólans á Laugum og síðar í húsnæði Grunnskólans á Laugum. Þar var hann í nokkur ár eða þar til hann flutti í núverandi húsnæði sitt í eldri byggingu Litlulaugaskóla, þar sem tónlistarskóli Reykdæla er/var einnig til húsa.

Krílabær var rekinn sem hálf dags leikskóli allt til haustsins 2002 en þá var honum breytt í heilds dags leikskóla. Í dag eru 4 börn í leikskólanum og 4 starfsmenn í misjöfnum stöðuhlutföllum.



Leikskólinn Krílabær  
Litlulaugum  
650 Laugar  
Sími 4643315  
[krilabaer@thingeyjarskoli.is](mailto:krilabaer@thingeyjarskoli.is)

# Leikskólinn Krílabær

## Yfirstjórn skólans

Skólastjóri grunnskólans er jafnframt leikskólastjóri. Hann ber ábyrgð á rekstri leikskólans og að unnið sé eftir þeim lögum, reglugerðum, stefnum og námskrám sem eiga við um skólastigið. Í leikskólanum er deildarstjóri sem ber ábyrgð á innra starfi leikskólans. Leikskólakennarar vinna að uppeldi og menntun barnanna í samstarfi við og undir stjórn deildarstjóra. Aðeins er ein deild í Krílabæ. Um það bil einu sinni á ári eru starfsmannaviðtöl hjá skólastjóra.

Matráður sér um samsetningu matseðla, innkaup, matargerð og þvotta í samvinnu við deildarstjóra.



Allt starfsfólk leikskólans er bundið  
þagnarskyldu og þær upplýsingar sem  
starfsmaður fær um barnið eru  
trúnaðarmál.  
Þagnarskylda helst þótt starfsmaður láti  
af störfum

## Sérfræðipjónusta

Skólaþróunarsvið HA annast sérfræðipjónustu ásamt skólasálfræðingi Þingeyjarskóla.

## Skólanámskrá

Skólanámskrá er yfirlýsing um hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar leikskólastarfinu.

Hún byggir á því sem samfélagið telur mikilsvert og því úr menningararfinum sem talið er mikilvægt að koma áleiðis til næstu kynslóðar.

Skólanámskrá:

- Gerir leikskólastarfið sýnilegra
- gerir leikskólastarfið markvissara og auðveldara
- veitir heildarsýn yfir uppeldisstarfið
- gefur starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers sé vænst af því
- gerir nýliðum auðveldara að komast inn í starfið
- auðveldar markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila.



## Lög um leikskóla

Leikskólinn Krílabær starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Hann á að annast uppeldi, umönnun og menntun barna að ósk foreldra þeirra.

Sveitarfélög bera ábyrgð á reksti leikskóla, en Menntamálaráðuneytið gefur út Aðalnámskrá leikskóla þar sem fram kemur stefna um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans sem honum ber að vinna eftir og jafnframt er hlutverk Menntamálaráðuneytisins að stuðla að þróunar- og tilraunastarfi.

Leikskólinn skal hafa velferð barna að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Búa skal börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Starfhættir leikskóla skulu mótast af kærleika, virðingu, umburðarlyndi, sáttfýsi, jafnrétti, umhyggju, ábyrgð, lýðræðislegu samstarfi og virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.<sup>1</sup>

Aðalnámskrá leikskóla er ætlað að samræma menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna að því marki sem þörf er talin á auk þess að vera farvegur til að tryggja jafnrétti allra barna til menntunar og uppeldis í leikskólum landsins<sup>2</sup>

Meginmarkmið leikskóla í uppeldi og kennslu skulu vera:

- stuðla að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta
- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra

---

<sup>1</sup> Lög um leikskóla 90/2008

<sup>2</sup> [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk\\_vefur.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf)

- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.<sup>3</sup>

## Aðalmarkmið og stefna Krílabæjar

- að barninu líði vel í leikskólanum, finni sig velkomið og sé þar öruggt
- að efla alhliða þroska barnsins svo það verði andlega og líkamlega sterkur einstaklingur sem geti tekið virkan þátt í lýðræðis þjóðfélagi
- að efla sjálfsmynd, sjálfsöryggi og sjálfshjálp barnsins
- að barnið læri að vera í hóp og taka tillit til annarra

***Því leggjum við áherslu á einkunnarorð skólans: vinátta, virðing, vellíðan***

Til þess að ná þessum markmiðum skipar frjáls leikur stóran sess í daglegu starfi. Auk þess er unnið með börnin í litlum sem stærri hópum í skipulögðu starfi úti sem inni.

Við leggjum mikla áherslu á listgreinar og skapandi starf sem tæki til þess að ná ofangreindum markmiðum. Í Krílabæ fer því mikið fyrir þessum greinum s.s. myndlist, tónlist, íþróttum, leiklist og dansi.

Í lögum leikskóla segir einnig að leikskólinn skuli veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku og því til stuðnings byggjum við á lestrarhvetjandi umhverfi og vinnum eftir kennsluaðferðinni „byrjendalæsi“ en hún byggir á samvirkri nálgun margra þátta, en aðferðin var þróuð af Rósu Eggertsdóttur sérfræðingi á skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.

---

<sup>3</sup> Lög um leikskóla 90/2008

## Daglegt líf í leikskólanum

Daglegt líf í leikskóla markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu. Á ákveðnum tímum matast börn, þvo sér, hvíla sig og sofa. Dagskipulagið á að sníða að þörfum barna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahóps, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum.<sup>4</sup>

### Dagskipulag

Dagskipulag 2019-2020					
kl.	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
07:45	Isk.opnar/frjáls leikur	Isk.opnar/frjáls leikur	Isk.opnar/frjáls leikur	Isk.opnar/frjáls leikur	Isk.opnar/frjáls leikur
8:20-9:00	morgunverður	morgunverður	morgunverður	morgunverður	morgunverður
9:00-9:45	hópastarf	hópastarf	hópastarf	hreyfistund m/íþróttakennara	hópastarf
9:45-10:00	bleiur/wc og handþv.	bleiur/wc og handþv.	bleiur/wc og handþv.	bleiur/wc og handþv.	bleiur/wc og handþv.
10:00-10:15	ávaxtastund	ávaxtastund	ávaxtastund	ávaxtastund	ávaxtastund
10:15-11:40	útivera	útivera	útivera	útivera	útivera
11:40-12:00	bleiur/wc og handþv.	bleiur/wc og handþv.	bleiur/wc og handþv.	bleiur/wc og handþv.	bleiur/wc og handþv.
12:00-12:30	hádegisverður	hádegisverður	hádegisverður	hádegisverður	hádegisverður
12:30-13:00+-	hvíld	hvíld	hvíld	hvíld	hvíld
13:00-13:30	frjáls leikur	frjáls leikur	frjáls leikur	frjáls leikur	frjáls leikur
13:30-14:45	útivera	útivera	útivera	útivera	útivera
14:45-15:00	14:30 tónlist m/tónlistarkennara	bleiur/wc og handþv.	bleiur/wc og handþv.	bleiur/wc og handþv.	bleiur/wc og handþv.
15:00-15:30	nónhressing	nónhressing	nónhressing	nónhressing	nónhressing
15:30-16:15	frjáls leikur/útivera	frjáls leikur/útivera	frjáls leikur/útivera	frjáls leikur/útivera	frjáls leikur/útivera
16:15	leikskólinn lokar	leikskólinn lokar	leikskólinn lokar	leikskólinn lokar	leikskólinn lokar
	útivera e.h. tekur mið af verðri og munum við stundum drekka í fyrra fallinu og fara út eftir nónhressingu				
	tónlist undir stjórn tónlistarkennara (Pétur Ingólfsson) verður ekki föst á dagskrá fyrr en eftir áramót				
	íþróttakennsla verður í höndum Völu íþróttakennara Þingeyjarskóla og hefst í seinni hluta sept.				

<sup>4</sup> Aðalnámskrá 1999:17

# Hugmyndafræði leikskólans

## Howard Gardner

Howard Gardner hefur sett fram hugmyndir um að greind mannsins samanstandi af fleiri en einni greind. Með þessari kenningu er Gardner að víkka sýn á mannlega möguleika og hæfileika út úr ramma hefðbundinna greindarprófa.

Hann segir að „greind snúist fremur um hæfileika til að leysa þrautir eða vandamál annars vegar og hins vegar að hanna afurðir í góðu samspili og samhengi við umhverfið”.<sup>5</sup>

Hvert barn býr yfir öllum greindum og geta flest þróað hverja greind á nokkuð hátt getustig ef næg örvun og tækifæri eru fyrir hendi. Gardner segir því að hæfileiki barna og fullorðinna geti legið á mismunandi sviðum og ein tegund greindar sé ekki mikilvægari en sú næsta, því er mikilvægt að gefa börnum tækifæri til fjölbreyttra leikja og verkefna svo þau fái tækifæri til að þroska sig sem best.

Þær greindir sem Gardner hefur kortlagt eru eftirfarandi:

Málgreind: hæfileiki til að hafa áhrif með orðum, bæði munnlega og skriflega.

Rök- og stærðfræðigreind: hæfileiki til að nota tölur á árangursríkan hátt og hugsa rökrétt.

Rýmisgreind: hæfileiki til að skynja hið sjónræna og rúmfræðilega umhverfi.

Líkams- og hreyfigreind: Færni í að nota allan líkamann til að tjá hugmyndir og tilfinningar og leikni til að búa til hluti og nota þá.

Tónlistargreind: Hæfileiki til að skynja, meta, skapa og tjá tónlist.

Samskiptagreind: Hæfileiki til að skilja og greina skap og tilfinningar annarra.

Sjálfsþekkingargreind: Sjálfsþekking og hæfni til að lifa og starfa á grunni þeirrar þekkingar. Skýr sjálfsmynd og þekking á eigin styrk og veikleikum.

Umhverfisgreind: Hæfni í að þekkja og flokka fjölda tegunda úr jurta- og dýraríkinu auk næmni fyrir fyrirbærum náttúrunnar.<sup>6</sup>

---

<sup>5</sup> Armstrong. Thomas 2001:13-14

<sup>6</sup> Armstrong. Thomas 2001.14-15

## John Dewey

Þeir þættir sem John Dewey leggur mesta áherslu á, er að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Barnið á að læra af eigin reynslu og eigin virkni og áhuga en persónuleg reynsla þess er forsenda þess að það fái skilning á umhverfi sínu.

Mikilvægt er að skapa lífandi tengsl milli skóla og samfélags<sup>7</sup>. Ekki á að vera munur á hvað eða hvernig lært er í skólum eða utan þeirra því þessir heimur eiga að nálgast hvor annan. Dewey leggur jafnframt áherslu á að börn læri að vinna í félagslegri heild þar sem þau þroska sjálfsvitund og skilning.

Eftir kenningu Deweys má skipta áhugasviði barnsins í fjóra þætti:

*Áhugi á samræðum og samveru* (byggt á félagslegri eðlishvöt).

*Áhugi á að rannsaka og uppgötva.*

*Áhugi á að framkvæma* (búa til hluti, skapa og setja saman).

*Áhugi á listrænni tjáningu* (tjá sig í myndlist, söng og hreyfingu)<sup>8</sup>.

Dewey vill sjá nám og hugsun sem heild, nám á ekki að vera bútað niður í einangraða hluta af þekkingu, en reynsla, tilraunir, samvinna og hæfileikinn til að meta eru allt þættir sem styrkja og efla barnið í leit sinni að niðurstöðu.

Hann segir jafnframt að leikurinn sé leið til menntunar og þroska þar sem börnin eru virk og skapandi í leik sínum. Skapandi hugsun barnanna vekur áhuga þeirra sem leiðir til skýrrar hugsunar, *börnin læra af reynslu en ekki kennslu.*

Skapa þarf börnum uppeldisumhverfi sem örvar þau því hæfilega erfið viðfangsefni efla virka hugsun<sup>9</sup>.

Umhverfi barna er mikilvægt í huga Dewey, hann segir kennarann bera ábyrgð á að gera það hvetjandi fyrir vöxt og þroska þeirra auk þess sem það er öruggt og vel skipulagt, jafnframt þarf að sjá til þess að kennslugögn og efniviður séu auðug, breytileg og sveigjanleg.

Mikið byggist á þekkingu og reynslu kennarans því hann á að vera vinsamlegur samstarfsaðili og leiðbeinandi í sameiginlegum verkefnum.<sup>10</sup>

Kennarinn hvetur barnið til að reyna nýja hluti, hann notar opnar spurningar og leiðir það áfram svo það komist sjálft að niðurstöðu. Það er mikilvægt að barnið megi gera mistök svo það geti lært af þeim án þess að það fái það á tilfinninguna að það sé misheppnað. Mikilvægt er að dagurinn sé eins frá degi til dags, það veitir barninu öryggi að vita hvað er að gerast í kringum það.

---

<sup>7</sup> Uppeldisáætlun fyrir leikskóla 1993: 18

<sup>8</sup> Rit um uppeldisstefnur 1994:7

<sup>9</sup> Rit um uppeldisstefnur 1994:8 – 9

<sup>10</sup> Rit um uppeldisstefnur 1994

## Lev Vygotsky

Einn af þeim þáttum sem Lev Vygotsky beinir sjónum sínum að eru þroskamöguleikar barna og hefur hann því komið fram með hugtakið „Zone of Proximal Development“ (ZPD) sem hefur verið þýtt á íslensku sem svæði mögulegs þroska. Þetta hugtak á við um hvaða færni sem er og felur í sér „það svæði sem er á milli getu barns þegar það leysir verkefni án hjálpar og getu barns þegar það fær aðstoð“.<sup>11</sup>

Vygotsky segir að það sem hjálpi barni yfir þann þroskuld að geta hluti án hjálpar sem það áður þurfti hjálpar við séu hvatning og leiðbeining sem þróar getu og hæfileika barnsins. Þegar barn fær tækifæri til að vinna að verkefnum sem eru aðeins ofar getu þess hefur það tækifæri til að þroska sig áfram. Segja má að það sem barn þarf aðstoð við einn daginn, getur það gert sjálft daginn þar á eftir, þ.e. barnið hefur náð tökum á nýrri færni sem ýtir undir þroska þess. Eftir að barnið hefur sjálft náð tökum á þeim verkefnum sem voru á svæði mögulegs þroska heldur það áfram á annað svæði þar sem það þarf að ná tökum á nýrri færni.

Vygotsky segir því hlutverk hins fullorðna mjög mikilvægt sé litið til vitsmunaproska barna, félagsþroska þeirra og ekki síst ef litið er til þeirrar kunnáttu sem börn búa yfir. Hann segir takmörk fyrir því hversu langt hver og einn getur þroskað sig og því þurfi ákveðin samskipti að eiga sér stað til að auka þroska, hvort sem það tengist vitsmunaproska eða félagslegum samskiptum<sup>12</sup>.

---

<sup>11</sup> Johansen og Brynhildsen 1998:35

<sup>12</sup> Johansen og Brynhildsen 1998:35

## Jákvæður agi

Uppeldisstefnan Jákvæður agi byggir á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en t.d. að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast. Höfundar eru, Alfred Adler, Rudolf Dreikurs, William Glasser, Jane Nelsen o.fl. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilum og vinnustöðum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisin, vinsemd og festu.

### Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni

- Meginreglur Jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar.
- Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.

Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

Þar eru áhrifamestu verkfærin, samhygð, skilningur, þrautalausnir, góðvild og festa. Allir hafa þörf fyrir að tilheyra, áhrifa okkar gætir mest þegar við höfum samskipti sem byggja á gagnkvæmri virðingu. Við leitum orsaka fyrir óæskilegri hegðun og finnum lausnir. Nám fer fram þegar barn upplifir tilgang, sjálfstjórn og þátttöku.<sup>13</sup>

---

<sup>13</sup> <http://jakvaeduragi.is/hugmyndafrædin/>

## Proskapættirnir

Í leikskóla á að leggja áherslu á skapandi starf og leik barnsins. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu.

Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið, uppgötvunarnám.

Í leikskóla skal rækta alhliða þroska barnsins, hlúa að öllum þroskapáttum þess, efla þá og örva samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barnins byggist á jafnvægi milli allra þroskapáttanna.

## Líkams- og hreyfiproski

Í leikskólanum förum við að öllu jöfnu út tvisvar á dag, alla daga vikunnar. Öll börnin fara einu sinni í viku í skipulagðan íþróttatíma undir stjórn íþróttakennara og 4, 5 og 6 ára börn í sund þegar veður leyfir. Við notum hreyfi- og söngleiki inni. Gönguferðir um nágrennið eru vinsælar og förum við tölvvert út að ganga þegar vel viðrar, enda mjög skemmtilegt umhverfi kringum leikskólann.

## Félagsvitund, félags- og tilfinningaþroski

Hverju barni er nauðsynlegt að þroska félags- og tilfinningavitund sína. Við leggjum áherslu á samvinnu, vináttu og góð samskipti milli barnanna, að þau læri að bera virðingu fyrir skoðunum sínum og annarra, standa á skoðunum sínum og hvetjum þau til að færa rök fyrir máli sínu. Börnin læra að ganga frá eftir sig eftir leik og störf, ganga frá fötum og skóm í fataherbergi og sýna snyrtimennsku í matmálstímum.

## Vitsmunaproski

Við leitumst við að hafa umhverfi leikskólans lærdómsríkt og örvandi, merkjum dótakassa og hillur til að ýta undir lestrarfærni. Fatahólf, sæti barnanna og skúffur undir myndirnar þeirra eru merkt með nafni hvers og eins. Við höfum allskonar bækur sem börnin geta náð í og leikföng sem krefjast útsjónarsemi og skipulags. Við spyrjum opinna spurninga og hvetjum börnin til að kafa lengra í það sem þau eru að hugsa um. Við þjálfum athygli, hugsun og einbeitingu með því t.d að lesa sögur eða setningar og spyrja þau svo spurninga úr efninu.



## Málproski

Einu sinni á dag fara öll börn í samverustund/hópastarf þar sem við lesum bækur, segjum sögur eða förum í leiki. Við hvetjum börnin til að segja sögur eða frá einhverju sem á daga þeirra hefur drifið. Annars fer málproski fram í öllu starfi leikskólans s.s. í leik, fataherbergi, í matmálstímum og gönguferðum.

## Fagurproski og sköpunarhæfni

Í leikskólanum bjóðum við börnunum uppá margvíslega listsköpun með ýmiskonar efnivið. Mikil sköpun fer fram á útileiksvæði leikskólans s.s. í sandkassa, drullumalli og snjóbyggingum.

Í gönguferðum reynum við að hvetja börnin til þess að njóta náttúrunnar og þess sem hún hefur uppá að bjóða, s.s. lyktina af gróðrinum, mynda í skýjunum, hitanum af sólinni, kulda, bleytu og hinna ýmissu veðurbrigða.

## Siðgæðisproski og siðgæðisvitund

Siðgæðisproski og réttlætiskennd eru nátengd og þroskast með því að efla tillitssemi, skilning á aðstæðum annarra, ásetningi og afleiðingu verka sinna og annarra. Mikilvægt er fyrir börn að geta skilið orsök og afleiðingu þess sem þau gera. Því er nauðsynlegt að starfsfólk sé góð fyrirmynd, að börnin séu hvött til sáttfýsi, samvinnu og fyrirgefningar og gefa börnum tækifæri til að ræða atburði og beita þeim rökum sem þeim eru eiginleg. Að vekja börnin til umhugsunar um hvað er rangt og hvað er rétt.

## Leikurinn

Í bernsku er leikur hið eðlilega tjáningarform barnsins og einnig mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Í leik lærir það margt sem enginn getur kennt og því felst mikið sjálfsnám í leiknum sem bæði inniheldur gaman og alvöru. Reynsla barnsins endurspeglast í leiknum og oft geta börn notað leikinn til að vinna úr tilfinningum sem þau hafa ekki náð þroska til að vinna úr á annan hátt. Leikur barna mótast af hugmyndaflugi þeirra og sköpunarhæfni og þannig koma þau fram með nýstárlegar hugmyndir og víkja frá hefðbundnu hugsanamynstri.

Leikir barna endurspeгла reynsluheim þeirra og þá menningu sem þau búa í.



Búnaður og skipulag leikskólans á að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Innra umhverfi leikskólans hefur áhrif á leikinn og getur bæði stutt við hann en einnig verið hamlandi, því er mikilvægt að hafa skipulag, leikföng og efnivið sem hæfa aldri og þroska barnanna. Börnin þurfa því góðan og samfelldan tíma til leiks og starfa.

Leikur barna þróast úr því að vera samhliða leikur þar sem þau yngstu eru að leika hvert fyrir sig yfir í að vera mikil samvinna og skipulagning.

Í leiknum æfa börnin félagsfærni sína, þau læra að vinna saman, taka sameiginlegar ákvarðanir um hvernig leikurinn á að vera

## Hópastarf

### Markmið

- að börnin læri að vinna saman sem hópur, taka sameiginlegar ákvarðanir og komast að sameiginlegum niðurstöðum
- að börnin læri að taka tillit og setja sig í annarra spor
- að börnin læri smátt og smátt að vinna út frá ákveðnum fyrirmælum
- að styðja börnin í að tileinka sér nýja færni

Yfir vetrartímamann fara öll börn í Krílabæ í hópastarf alla daga um það bil klukkustund í senn, nema á föstudögum, þá brjótum við oft upp starfið. Í hópastarfi gefst tækifæri til að sinna hverju barni út frá forsendum þess. Börn eru jafn ólík og þau eru mörg og sum þeirra njóta sín betur í

litlum hópi heldur en stórum; þau eru öruggari, efla með sér samkennd og styrk sem hjálpar þeim í víðara samhengi.

Í hópastarfi er unnið með nokkur þemu sem ákveðin eru á hverju hausti.

## Grunnþættir menntunar

Sú menntastefna sem birt er í Aðalnámskrá leikskóla 2011 er reist á sex grunnþáttum menntunar. Þeir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru svo að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega og bjarga sér í samfélaginu ásamt því að vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Grunnþættirnir eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir eiga að vera sýnilegir í skólastarfinu. Grunnþættir menntunar eru settir fram sem þættir en þeir tengjast þó innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum.<sup>14</sup>

Við skipulag skólastarfs skal lögð áhersla á menntun barna og ungmenna og hæfni þeirra að námi loknu. Kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki beinast fyrst og síðast að því að styðja nemendur í námi sínu. Námsmarkmið snúa að þeirri hæfni sem nemandinn öðlast í námsferlinu og býr yfir að námi loknu. Til að öðlast fjölbreytilega hæfni, á nemendum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi barna og ungmenna og daglegu lífi.<sup>15</sup>

### Læsi

Hæfni í félagslegum samskiptum er veigamikill þáttur í daglegu lífi hvers einstaklings. Í öllu námi og starfi, hjá börnum sem fullorðnum, reynir mikið á félagsleg samskipti. Því er afar mikilvægt að efla og örva félagshæfni og

---

<sup>14</sup> Aðalnámskrá leikskóla:2011,14-15

<sup>15</sup> Aðalnámskrá leikskóla:2011,23

borgaravitund barna frá unga aldri; vitund um eigin ábyrgð og lýðræði, gagnrýna hugsun og virðingu.

Tjáning og samskipti eru mikilvægustu „verkfæri“ barnsins til boðskipta og gera því kleift að vera í tengslum við það umhverfi sem það býr við. Í Krílabæ er lögð áhersla á að veita börnum tækifæri til að tjá sig á margvíslegan máta; með tónlist, dansi, leikrænni tjáningu, myndmáli sem og tungumáli. Sameiginlegt tungumál er veigamikill þáttur í menningu hvernar þjóðar, tengir fólk böndum og eflir samkennd.

**Markmið:**

- efla málproska og hugtakaskilning
- börnin þjálfist í að setja orð yfir hugmyndir sínar og tilfinningar
- nýta málið í samskiptum okkar hvert við annað
- nýta opnar spurningar sem gefa tækifæri á að koma með vangaveltur og svör sem krefjast frjórrar hugsunar
- börnin þjálfist í hlustun
- börnin þjálfist í tjáningu á fjölbreyttan máta
- efla sjálfsmynd barnanna
- efla skynjun barnanna með fjölbreyttum aðferðum
- efla jákvætt viðhorf
- efla virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

**Leiðir:**

- unnið markvisst með leikskólalæsi
- góður tími ætlaður til samræðna og vangaveltna
- leikir og spil með orð og hugtök
- áhersla lögð á söng, takt og dans
- unnið með myndlist, leikræna tjáningu og sköpun
- unnið með vísur og þulur
- unnið með bækur og bókaletur
- heimsóknir á bókasafn
- skipulögð málproskaörvun út frá þörfum hvers barns

## Lýðræði og jafnrétti

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar. Í Krílabæ er lögð áhersla á lýðræðislegt leikskólastarf sem byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Lögð er áhersla á að virða innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs.

### Markmið:

- stuðla að jafnrétti
- að allir fái tækifæri til virkrar þátttöku
- efla virka hlustun
- að allir finni að þeir eru hluti af hópnunum
- að virða skoðanir annarra og sjónarmið
- að efla skilning á því hvað lýðræði felur í sér
- að efla umhyggju, tillitsemi og sam hjálp
- að veita börnum stuðning í daglegum samskiptum
- að allir fái tækifæri til að hafa áhrif
- að fjalla um fjölmenningu og fjölbreytileika fólks

### Leiðir:

- gefa öllum tækifæri til virkrar þátttöku
- hlusta hvert á annað og skiptast á skoðunum
- vinna saman og aðstoða hver annan
- hafa val um verkefni og vinnubrögð
- skipuleggja heimspekilegar umræður
- bjóða uppá fjölbreytt viðfangsefni og vinna að jöfnum tækifærum kynjanna
- Samræður og verkefni sem útskýra fjölmenningu og efla skilning á fjölbreytileika
- fjalla um mikilvægi sjálfsábyrgðar

## Heilbrigði og velferð

Í Krílabæ hafa kennarar vináttu, virðingu og vellíðan að leiðarljósi í samskiptum við börnin sem og sín á milli. Til að efla sjálfsmynd barnanna, gleði og líkamlega- og andlega vellíðan er mikilvægt að þau fái tækifæri til að hreyfa sig frjálst og óhindrað í bland við skipulagða hreyfingu. Í Krílabæ er lögð áhersla á hollan og fjölbreyttan heimilismat sem er liður í að stuðla að heilbrigðum lífsstíl barnanna og stuðla að vellíðan.

### Markmið:

- að stuðla að vináttu, virðingu og vellíðan
- að stuðla að persónulegri umhirðu
- að efla alhliða hreyfiproska barnanna
- að stuðla að hollustu
- að stuðla að fjölbreyttri útivist
- slökun og hvíld
- að stuðla að tilfinningalegu jafnvægi
- að stuðla að jákvæðum samskiptum

### Leiðir:

- einu sinni í viku fara börnin í íþróttir og sund undir stjórn íþróttakennara
- sýna hverju barni vináttu og virðingu og kenna þeim jákvæð samskipti
- bjóða hollan og næringarríkan mat
- nýta leikskólalóðina og nærumhverfi til hreyfingar
- að gefa öllum tækifæri á hvíld í róandi umhverfi
- að læra um eigin líkama
- vinna með verkefni sem örvar jafnt fín- og grófhreyfingar
- hvetja börn til samskipta við börn og fullorðna og mynda tengsl við ólíka einstaklinga
- vor og haust taka þau börn sem eru á lokaári þátt í sundnámskeiði í samstarfi við grunnskólann

## Sjálfbærni og vísindi

Það er mikilvægt fyrir börn að kynna og upplifa náttúruna af eigin raun og læra að umgangast hana af ábyrgð, virðingu og skynsemi. Í umhverfi Krílabæjar er margt sem gaman er að skoða; stutt er í móa, í skógarbrekkur, íþróttavöllinn, tjörnina og Reykjadalssá. Mikilvægt er að starfsfólk nýti þetta fjölbreytta umhverfi til að vinna með mismunandi náms- og þroskaþætti. Börnin fá tækifæri til að skoða, rannsaka, gera tilraunir og velta vöngum yfir hinum ýmsu fyrirbærum.

### Markmið:

- börnin læri að umgangast náttúruna og nánasta umhverfi af virðingu og ábyrgð
- þau kynnist og skynji fjölbreytileika náttúrunnar
- læri að endunýta hluti sem náttúran gefur og vinna með þá
- kynna nærumhverfi sínu
- kynnist stærðfræðilegum hugtökum
- endurvinnsla sé hluti af daglegu lífi
- að börnin kynnist breytilegum aðstæðum náttúrunnar



### leiðir:

- fara í göngu- og vettvangsferðir
- umræður
- flokka og enduinna efnivið
- nýta endurvinnanlegan efnivið í leik og myndsköpun
- vinna með tölur, rými, fjarlægðir og áttir
- vinna með snjó, vatn, sand, steina, strá, blóm, greinar og allt það annað sem finnst í náttúrunni
- frjáls leikur úti
- Við leitumst við að kenna börnum almenna umgengni í náttúrunni, s.s. að henda ekki rusli og ganga vel um gróðurinn
- Við fræðum börnin um helstu kennileiti/örnefni og einnig það sem ber að varast í umhverfinu, s.s. umferð bíla, ána og tjörnina

## Sköpun og menning

Að efla frumkvæði, sjálfstæði og skapandi hugsun er mikilvægt þegar leggja skal grunn að sjálfstæðum, virkum og ábyrgum einstaklingum sem geta tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Í Krílabæ leggjum við áherslu á að sköpun snúist fyrst og fremst um ferlið sjálft, þ.e. könnunina, tjáninguna, gleðina og sköpunina sjálfa. Í sköpunarferlinu fær barnið tækifæri til að virkja sköpunarkraftinn, örva skynfærin, upplifa gleði og þjálfa sjálfstæð vinnubrögð.

### Markmið:

- efla frumkvæði og skapandi hugsun
- efla sjálfstæð vinnubrögð
- efla og örva skynjun
- efla sjálfsmynd og öryggi
- efla jákvætt viðhorf
- örva fegurðarskyn barna í smáu sem stóru
- kynnast fjölbreyttum aðferðum listsköpunar
- öðlast grunnfærni í listsköpun með tilliti til aldurs og þroska

### leiðir:

- hafa sköpun að leiðarljósi í orði sem verki
- veita börnum margvísleg tækifæri til sköpunar í hinum ýmsu tjáningarformum: söng, tjáningu, leik- og myndlist
- búa börnum aðstæður og efnivið sem örvar frjálssa og skapandi hugsun og tjáningu
- nota opnar spurningar
- vinna með íslenskan menningararf
- draga fram sérkenni þjóða hjá börnum af öðru þjóðerni; söngvar, tungumál, vísur og sögur
- upplýsa börn um ólíka menningarhópa með frásögnum og lestri bóka
- fá foreldra af öðru þjóðerni til að kynna land sitt ásamt barninu
- nýta það sem samfélagið hefur upp á að bjóða; söfn, sýningar og náttúru



## Tónlist

Í Krílabæ skipar tónlist stóran sess í okkar daglega starfi. Flesta daga syngjum við, ýmist með eða án hreyfinga. Við klöppum atkvæði, hlustum á mismunandi tónlist og leikum okkur með hljóðfæri. Einu sinni í viku fara öll börn leikskólans í tónlistartíma til tónlistarkennara.



### Markmið

- að þjálfar börnin í að hlusta á og hreyfa sig bæði frjálst og skipulega eftir fjölbreyttri tónlist
- að börnin fái tækifæri til að kynnast mismunandi hljóðfærum
- að börnin læri lög og texta
- að auka tilfinningu barnanna fyrir takti og hljómfalli
- að nemendur syngi C-dúr tónstiga á nótnaheitum
- að nemendur kynnist G-lykli og ritun C-dúr tónstiga
- að nemendur kynnist hrynlestri með táknum

## Aðlögunartími

### Þátttökuaðlögun

Sú leið sem farin er við aðlögun nýrra barna í leikskólann er svo kölluð þátttökuaðlögun. Í þátttökuaðlögun eru foreldrar þátttakendur í starfinu þá daga sem aðlögunin fer fram. Þeir sinna sínu barni, gefa því að borða, skipta á því, leika við það o.s.frv. Aðferðin byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna.<sup>16</sup>

Þar sem foreldrar eru fullir þátttakendur öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem fram fer. Þeir kynnast starfsfólkinu, hinum börnunum og því sem á sér stað í leikskólanum. Öryggir foreldrar eru ánægðir foreldrar og eins og áður segir smita þeir ánægju sína og öryggi yfir til barna sinna. Foreldrar eru með barninu í 3 daga. Á fyrsta degi eru þeir frá u.þ.b. 9-11, á öðrum og þriðja degi frá 8-15 eða skemur sé vistunartími styttri. Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldra sína og eru sinn vistunartíma. Hafi foreldrar tækifæri til er sjálfsagt að sækja börnin í fyrra falli fyrstu dagana. Ef barn á erfitt með aðlögun er stundum leitast við að foreldrar dvelji lengur með barni sínu.

### Móttaka og brottför

Starfsfólk Krílabæjar leggur áherslu á bjóða alla foreldra og börn þeirra velkomin svo þau finni fyrir öryggi. Þarfir barna og foreldra þeirra geta verið mismunandi þegar þau koma í skólann, rétt eins og þegar þau fara í lok dags og ber starfsfólki að taka tillit til þeirra eins og unnt er. Boðið er upp á sveiganlegan vistunartíma.

#### Markmið:

- taka á móti og kveðja hvert barn út frá forsendum þess og þörfum
- hafa jákvæðni og gleði að leiðarljósi í samskiptum
- hlúa vel að daglegum samskiptum við foreldra; segja frá því sem gerðist yfir daginn, stóru sem smáu
- skrá daglega upplýsingar í fataherbergi
- að allir heilsa og kveðji við upphaf og endi hvers skóladags

---

<sup>16</sup> Kristín Dýrfjörð:2009

## Fataherbergi

Í fataherbergi Krílabæjar fer fram mikilvægt uppeldisstarf. Börnin æfa sig í að klæða sig í og úr og við það læra þau ný orð, þjálfa fínhreyfingar og líkamsvitund með aðstoð starfsfólks.

### Markmið:

- örva sjálfstæði, líkams- og hreyfiproska með því að hvetja börnin til að klæða sig sjálf, allt eftir aldri og þroska
- skapa jákvæðar og uppbyggilegar aðstæður í fataherberginu (varast þer að hafa of mörg börn í fataherbergi á sama tíma)
- efla málþroska með því t.d. að setja orð á hluti og athafnir
- börnin læri smátt og smátt hvernig best sé að klæða sig m.t.t. veðurs
- að börnin gangi vel um hólfið sitt

### Leiðir

Við hvetjum börnin til að klæða sig sjálf og gerum ekki athugasemdir þó að fötin snúi ekki öll rétt. Við örvum börnin til að hjálpa hvert öðru, kennum þeim að ganga vel um hólfið sitt og fataherbergi, t.d. að setja vettlinga og annað blautt á ofna. Starfsmenn hjálpa börnunum eftir þörfum.

Umboðsmaður barna mælist til að sá sem kemur með eða sækir barn í leikskólann sé ekki undir 12 ára aldri

## Matartímar

Á matmálstímum læra börnin að leggja á borð, nota hnífapör og almenna borðsiði. Mikilvægt er að ró og friður ríki á matmálstímum, svo hægt sé að nota tækifærið til samræðna og vangaveltna. Áhersla er lögð á hollan og góðan heimilismat og er stuðst við viðmið Lýðheilsustöðvar í þeim efnum.

### Markmið:

- nota tækifæri til umræðna við börnin; málörvun
- efla sjálfstæð vinnubrögð, t.d. með því að börnin leggi sjálf á borð með aðstoð fullorðinna, eftir þroska og getu
- börnin læri að borða sjálf og skammta sér sjálf eftir bestu getu
- örva stærðfræðilega hugsun með því að telja og flokka
- efla vitund barnanna um hollt matarræði
- börnin þvo sér um hendur fyrir mat og munn og hendur eftir matmálstíma
- veita börnum holla og góða næringu
- að börnin læri almenna borðsiði
- að börnin tali ekki öll í einu og hlusti á hvert annað og tali á lágu nótunum þannig að matartíminn verði sem notalegastur
- að börnin sitji kyrr í sínum sætum þangað til að allir eru búnir að borða

### leiðir

Fyrir hádegisverð setjast öll börnin á sinn stað. Þar höfum við stutta samverustund, eftir það telur borðstjóri börn og starfsfólk, tekur í hönd hvers barns og segir „gjörðu svo vel“.

Við viljum að börnin gangi fallega að matarborði, setjist í sætin, skammti sér og bíði þar til sagt er „gjörið þið svo vel“. Við hvetjum börnin til að smakka allan mat sem á boðstólum er. Börnin bíða þar til allir eru búnir að borða áður en þakkað er fyrir matinn. Við viljum hafa rólegheit meðan á matmálstíma stendur, börnin verði sjálfbjarga við að skammta sér og aðstoði hvert annað, læri að biðja hina um að rétta sér og rétta hinum ef þau eru beðin.

## Hvíld

Farið er í hvíld á hverjum degi, sum börn sofa meðan önnur hlusta á rólega tónlist eða sögur. Andlegt og líkamlegt atgervi einstaklinga byggir á góðri hvíld. Við gefum börnunum tækifæri til að hvíla líkamann eftir þörfum hvers einstaklings, læra að slaka á og finna ró. Starfsfólkið sýnir börnunum umhyggju og alúð svo þau upplifi öryggi í umhverfi sem þeim líður vel í. Í hvíld hlustum við oftast á ævintýri eða slökunardiska. Yngstu börnin sofa oft úti í vögnum.

### Markmið:

- hvert barn fái þá hvíld sem það þarfnast
- skapa hlýtt og notalegt andrúmsloft án allrar spennu
- efla sjálfsmynd barnanna
- að börnin geti legið kyrr án þess að trufla aðra

## Hreinlæti

Í Krílabæ er lögð áhersla á hreinlæti og börnin hvött til sjálfshjálpar. Starfsfólkið tekur mið af hverju barni fyrir sig og rík áhersla er lögð á að nærgætni og hlýja sé höfð í fyrirrúmi. Nálægð við barnið er oftast mikil og gefst því gott tækifæri til umræðna um líkamann og mikilvægi hreinlætis.

### Markmið:

- börnin þvoi sér um hendur eftir klósettferðir og fyrir matmálstíma
- börnunum sé þvegið um andlit eftir matmálstíma eða að þau þvoi sér sjálf, allt eftir aldri og þroska
- örva málþroska, með því að nota klósettferðir til umræðna
- efla tilfinningaþroska; sýna nærgætni og hlýju þegar farið er á salerni
- hvetja börn til að nota klósett um leið og tekið er tillit til þarfa hvers og eins

## Samverustundir

Á morgnanna eru samverustundir þar sem farið er yfir veðurskeyti dagsins, rætt um hvernig best er að klæða sig og farið yfir heiti dags og mánaðar. Þar ræðum við efni tengt einkunnarorðum leikskólans, vinátta, virðing, vellíðan. Einnig nýtum við samverustundir til söngs- og lesturs.

### Markmið

- að auka málþroska barnanna
- að börnin fái tækifæri til að hlusta á sögur og ævintýri
- að börnin læri að sitja kyrr, hlusta og taka tillit til annarra
- að börnin æfist í að koma fram fyrir hópinn og hlusta hvert á annað

### Leiðir

Kenna börnunum að sitja kyrrum í sætum sínum og hlusta, ýmist á starfsfólk eða hvert annað, fá börnin til að segja frá einhverju og hina til að hlusta á meðan. Spyrja börnin út úr því sem lesið er jafnóðum til að þjálfra þau í að taka eftir. Einnig mega börnin syngja hvert fyrir annað.

## Útiveran

Í útiveru kynnast börnin náttúrunni og sínu nánasta umhverfi. Þau fá tækifæri til að hreyfa sig óheft, fá útrás og aukið þol. Tilfinning barnanna fyrir veðri og vindum þroskast og hvernig best sé að klæða sig samkvæmt því. Í frjálstri útiveru fylgist starfsfólkið vel með leik barnanna, hvetur þau áfram eða grípa inn í þegar við á. Einnig eru tækifæri til hreyfileikja, sjálfsprottinna sem skipulagðra.

Öll börn fara út tvisvar á dag ef veður leyfir. Þau allra yngstu fara kannski ekki út ef veður er mjög slæmt. En æfingin skapar meistarann og eftir því sem á veturinn líður verða þau stöðugri, kjarkmeiri, hærri í loftinu og betur í stakk búin til að takast á við margbreytileika útiverunnar. Í útiveru velja börnin sér viðfangsefni, ná sér í dót í útidótageymslu og ganga svo frá áður en farið er inn. Við leggjum mikla áherslu á að börnin séu sjálfum sér næg í útiveru.

### Markmið:

- nýta útileiksvæðið á fjölbreyttan og skapandi hátt
- nýta nánasta umhverfi skólans reglulega
- fara í vettvangsferðir
- fara í reglu- og hreyfileiki
- örva frjálstan-/sjálfsprottinn leik
- efla skynjun barnanna á náttúrunni; vatni og vindum, sandi og steinum, kulda og hita, o.s.frv.
- efla færni barnanna í grófhreyfingum
- efla þol og jafnvægi
- efla þekkingu á flóru Íslands
- að læra að hugsa um náttúruna og vernda hana

## Sérþarfir barna

Öll börn eru velkomin í leikskólann og leitast verður við í gegnum leik og starf að koma til móts við þarfir hvers barns hversu sértækar sem þær eru.

### Markmið

- Að börn fái notið sín í barnahópnum á eigin forsendum
- Að styðja börnin þannig að þau geti notið leikskóladvalar sinnar
- Að leikskólinn aðlagi sig, eftir mætti, að þörfum hvers einstaks barns
- Að kennarar séu meðvitaðir um þarfir hvers barns í hópnum
- Að vinna með börnin markvisst í barnahópnum sé þess kostur
- Að vinna með börnin í litlum og stórum hópi
- Að veita hverju og einu barni viðfangsefni við sitt hæfi
- að sinna einstaklingsþörfum barna á hvaða sviði sem þær eru

### leiðir

- Meta stöðu barnsins og leggja til grundvallar einstaklingsnámskrá
- Kenna barni í gegnum sterkar hliðar og styrkja veikari hliðar
- Vera í góðu sambandi við þá aðila sem vinna með barninu vegna þarfa þess, s.s. sjúkráþjálfun, sérkennslu og greiningaraðila
- Gera umhverfi þannig að barn geti notið sín á eigin forsendum

## Nýbúar

### Markmið

- taka vel á móti börnunum og aðstoða þau við aðlögun að nýrri menningu og málumhverfi
- hafa upplýsingar aðgengilegar fyrir foreldra á þeirra eigin tungumáli

### Leiðir

Láta þýða grunnupplýsingar fyrir foreldra svo þau viti hvað er um að vera í umhverfi barnsins auk þess sem þeim er boðið uppá reglubundin samtöl ásamt túlki. Foreldrum er velkomið að dvelja eins lengi með börnunum í leikskólanum á aðlögunartíma og þeim finnst þurfa. Fyrir foreldra sem þess þurfa setjum við upp upplýsingatöflu á þeirra máli um hvernig dagurinn gekk fyrir sig, s.s. hvernig barnið borðaði, hversu lengi það svaf og líðan þess yfir daginn.



Myndrænt og lestrarvænt umhverfi er fyrir börnin, s.s. merkingar á borðum, fatahólfum og dótakössum. Við leggjum mikla áherslu á að nota orð yfir allt sem við erum að gera og fá þau til að endurtaka þegar þau eru tilbúin.

## Mat á leikskólastarfinu

Meta skal stöðu hvers barns og framfarir með þroskaprófum og árlegum samtölum. Stuðst er við ýmis þroskaskemu og viðmiðunarlista, svo sem TRAS, (Tíðlig registrering af sprákuþvikling), sem er skráningarlisti ætlaður leikskólakennurum til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna<sup>17</sup>

Einnig er starfið metið með Ecers kvarðanum, atferlisathugunum, myndskráningum og videoupptökum.

### Tölvur

#### Markmið

- að börnin fái tækifæri til að vinna með tölvu í leikskólanum
- að auka samhæfingu augna og handa

#### Leiðir

Börnin hafa aðgang að einni spjaldtölvu innan leikskólans. Þar geta þau farið í hina ýmsu þroskaleiki.

---

<sup>17</sup> Námsmatsstofnun. namsmat.is

<http://www.namsmat.is/vefur/troskamat/tras/tras.html>

## Samskipti skólastiga

### Leiðir

Gagnkvæmar heimsóknir milli leiksskólanna og Þingeyjarskóla og leikskólans. Reglulega fer elsti hópur leikskólans í tíma með fyrsta bekk auk þess sem hann vinnur sérverkefni í leikskólanum. Einnig eru elstu börn leikskólans þátttakendur á sundnámskeiði vor og haust. Auk þess koma nemendur 1. bekkjar í heimsók einu sinni á vetri ásamt elsta árgangi leikskólans Barnaborgar.

### Markmið

- að börnin kynnist húsnæði grunnskóla, starfsfólki og því sem koma skal eftir að leikskólagöngu lýkur
- að börnin færast upplýst milli skólastiga og séu örugg
- að börnin kynnist grunnskólamiðuðum verkefnum.
- að efla sjálfstæð vinnubrögð barnanna
- að geta haldið einbeitingu við verkefni og unnið á eigin forsendum
- að halda góðum félagstengslum við þau börn sem þegar eru byrjuð í grunnskólanum.

## Yngstu barna starf

### Markmið

- að mynda sterk tengsl við börnin og foreldrana
- að kenna börnunum að vera saman í hóp, bera virðingu fyrir hvert öðru,
- skiptast á og deila með öðrum
- að börnin leiki og starfi í hvetjandi og hlýlegu umhverfi bæði úti og inni
- að börnin læri smám saman að fara eftir ákveðnum fyrirmælum

### Leiðir

- Hjálpa barninu að upplifa sjálfst sig og það sem það getur gert td. þekkja augu, eyru og þess háttar-auka sjálfsvitund (hver er ég og hvað get ég).
- Vera saman í hópum og æfa okkur í að skiptast á. Að starfsmenn séu góðar fyrirmyndir.
- Kenna börnunum að biðja um frekar en rífa af eða lemja.
- Hafa heimastofu barnanna notalega og vel búna leikföngum og kennsluefni s.s. litir, blöð, leir, húsgögn í hæð barna og vel aðgengilegt hverju sinni.

- Venja börnin strax á það að sitja í samverustund og söngstund (stutt í fyrstu en lengist svo).
- Hvetja og hrósa börnunum þegar við á.

## Foreldrasamstarf

### Markmið

- að gefa foreldrum jákvæða og góða innsýn í það sem við erum að gera dags daglega í leikskólanum.
- að efla samstarf foreldra og skóla til að auðvelda leiðina að settu marki sem er að stuðla að færni barnanna til að verða öruggir og sjálfstæðir einstaklingar.

### Leiðir

- Í hverjum mánuði fá foreldrar fréttabréf með upplýsingum um daglegt líf í leikskólanum og þau verkefni og áherslur sem eru í gangi hverju sinni. Auk þess hefur Krílabær facebook síðu sem eingöngu er ætluð foreldrum og starfsfólki, en þar er reglulega minnt á það sem um er að vera og birtar myndir úr starfinu.
- Einu sinni á ári er foreldrum boðið í samtali þar sem farið er yfir hvernig barninu gengur og líður í leikskólanum og fá viðhorf foreldra. Auk þess gefst foreldrum kostur á að fá viðtal hvenær sem þeir óska þess. Við förum einnig fram á viðtöl ef við teljum þörf á því.
- Haldinn er foreldrafundur á hverju hausti þar sem farið er yfir vetrarstarfið og m.a. sýndar myndir og/eða myndbönd úr daglegu starfi.
- Auk þess er foreldrum boðið í foreldrakaffi 1x-2x á vetri, á litlu jóli leikskólans og fleira.
- Sérstakt foreldrafélag er fyrir leikskólann Krílabæ. Í stjórn félagsins veturinn 2019-2020 sitja:  
Kristrún Kristjánsdóttir, ritari.  
Olga Hjaltalín Ingólfssdóttir, formaður.  
Sólborg Matthíasdóttir, gjaldkeri.

## Sérstök tilefni/hátíðir og hefðir

### Jólafröndurdagur



Þegar líða fer að jólum bjóðum við foreldrum að koma og fröndra með okkur og að því loknu bjóðum við þeim að borða með okkur hádegisverð/miðdagskaffi.

### Jólahlaðborð/litlu jól

Í samstarfi við foreldra bjóðum við til jólagleði á síðari hluta aðventu. Þá koma allir foreldrar með eitthvað á sameiginlegt hlaðborð og krakkarnir baka gjarnan eitthvað í leikskólanum til að leggja á borð. Við dönsuð í kringum jólatréð og góðir gestir koma í heimsókn.



### Öskudagur

Á öskudaginn mæta börn og starfsfólk í búningum í leikskólann. Við gerum okkur glaðan dag og m.a. er kötturinn sleginn úr tunnunni. Stundum göngum við á milli fyrirtækja og syngjum fyrir góðgæti.

### Bolludagur/sprengidagur

Haldið er upp á þessa daga á hefðbundinn hátt. Á bolludaginn fá allir bollur, bökum gjarnan sjálf grófar gerbollur og á sprengidaginn er saltkjöt og baunir í hádegismat.

## Hesthúsferð



Að vori förum við í hesthúsferð, þar sem öllum börnum gefst færi á að fara á hestbak.

## Vorferð

Á hverju vori förum við í „sveitaferð“ og fáum að skoða nýfædd lömb, kálfa og kýr.



## Heimboð

Á hverjum vetri höfum við heimboð af ýmsum toga, s.s. pabbakaffi, mömmukaffi, vinakaffi og svo framvegis.



## **Sparifatadagur**

Sú hefð hefur skapast að allir mæti spariklæddir á síðasta degi jóla á svokölluðum „sparifatadegi“.

## **Vorgleði**

Á vorin standa foreldrafélög leikskólanna innan Þingeyjarskóla fyrir vorgleði þar sem farið er í ýmsa leiki

# Öryggismál

## Neyðaráætlun Krílabæjar

**Hvað skal gera ef slys ber að höndum.**

-Alltaf skal byrja á því að meta aðstæður og í verri tilfellum koma hinum börnunum út úr aðstæðum og ræða við þau um það sem gerðist.

-Einn aðili tekur stjórnina að sér.

**I:** Minniháttar slys þar sem nóg er að setja plástur, kæla eða hugga í tilfellum þar sem börnin t.d. klemma sig lítillga eða detta. Ekki þarf að hringja í foreldra eða hafa samband við lækni. Muna að segja foreldrum frá að barnið hafi meitt sig í leikskólanum.

**II:** Meiri áverkar. Hafa skal samband við foreldra, muna að halda ró sinni þegar hringt er. Til dæmis þar sem barn hefur handleggsbrotnað eða brákast, (í slíkum tilfellum ber að spelka höndina og festa hana uppi með fatla) væg höfuðhögg (þar sem ekki er um uppköst eða óeðlilegt slen að ræða hjá barninu). Barn má sofna eftir höfuðhögg en það skal vakið á 30-45 mín. fresti og athugað hvort það er í lagi með það, þ.e. að það þekki nafnið sitt og þess sem spyr og annað slíkt. Til að fá leiðbeiningar hjá lækni skal hringt á Heilsugæslu Þingeyinga 1700 og biðja um vaktlækni, ef ekki er hægt að ná í lækni þar skal hringja eftir upplýsingum í 112. Í þessum tilfellum fara foreldrar sjálfir með barnið til læknis ef þörf þykir, hvetja foreldra til að hafa samband við lækni ef þeir eru óruggir.

**III:** Alvarleg slys s.s. fótbrott, slæm höfuðhögg og hálsáverkar. Ef um hálsáverka er að ræða skal athuga hvort barnið dofnað upp með því að strjúka yfir lófa þess eða iljar með t.d. nál til að athuga hvort það finni fyrir því.

Alls ekki má hreyfa barnið ef það finnur ekki fyrir neinu. Meta aðstæður og hringja síðan strax í neyðarlínuna 112. Við alvarlegum höfuðhöggum eða fótbrottum hringja strax í 112 eftir að aðstæður hafa verið metnar.

Hringja í foreldra, mjög mikilvægt að halda ró sinni.

Upplýsingar sem þarf þegar hringt er í 112

Vera rólegur þegar hringt er-ekki hringja í stresskasti.

1. Hvaðan er hringt, nákvæm staðsetning.
2. Hver hringir.
3. Hver er slasaður, barn eða fullorðinn.
4. Reyna að taka stöðuna áður en hringt er, þ.e. andar viðkomandi eðlilega (taka púls eða fylgjast með hvort brjóstkassi hreyfist eðlilega), eru miklar blæðingar og slíkt. Meta meðvitund (góð/sljóleiki/meðvitundarlaus).
5. Athuga hvort lögreglan kemur með sjúkrabílnum þegar hringt er í 112 eða hvort hringja þarf sérstaklega í hana þegar gera þarf sjúkraskýrslu.

Ef alvarlegt slys verður þarf alltaf að vera með lausan síma svo lækna geti hringt til okkar.

Ef grunur leikur á að barnið sé í losti, stoppa blæðingu, athuga öndun, gera allt til að ná talsambandi við það, setja hátt undir fætur, kaldur þvottapoki á ennið.

**Ef eldsvoði verður:** Brjóta brunaboða og hringja í 112, safna börnunum saman við þá útgönguleið sem fjærst er eldi, þær eru þrjár, telja börnin um leið og við förum út með þau og halda ró okkar, athvarf í húsnæði Seiglu.

## Stjórnun og stjórnunarhættir

### Fundur-starfsdagar-námskeiðsdagur

Starfsmannafundur eru að öllu jöfnu haldnir einu sinni í viku.

Þrír starfsdagar eru á vetri að lágmarki. Þar af er a.m.k. einn starfsdagur á sama tíma og í grunnskóladeild Pingeyjarskóla.



## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla, 2011, Menntamálaráðuneytið*

Aðalnámskrá leikskóla:

[https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk\\_vefur.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf)

*Armstrong, Thomas. 2001. Fjölgreindir í skólastofunni. (Erla Kristjánsdóttir þýddi og staðfærði). Reykjavík. JPV úrgáfa.*

Dewey, John. 2000. Reynolds og menntun. Gunnar Ragnarsson þýddi. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

Jákvæður agi: <http://jakvaeduragi.is/hugmyndafrædin/>

Johansen, Wenche May og Anne Brynhildsen. 1998. Leikur og nám í leikskóla. Athöfn 1,30:33 - 36 Rit um uppeldisstefnur. 1994.

*Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2010. John Dewey í hugsun og verki, menntun, reynsla og lýðræði. Rannung Háskólaútgáfan*

Kristín Dýrfjörð. 2008. Könnunarleikur: Sótt frá: <http://roggur.blog.is/blog/kristindyr/entry/622012/>.

Kristín Dýrfjörð. 2009. Þátttökuaðlögun . Sótt frá: <http://www.sare.is/hugmynd/adlogun/>.

Námsmatsstofnun.

<http://www.namsmat.is/vefur/troskamat/tras/tras.html>

Uppeldisáætlun fyrir leikskóla - Markmið og leiðir. 1993. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.